

# Raflækningar

Raflækningar (electroconvulsive therapy, ECT) er meðferð við alvarlegum og meðferðarþráum lyndisröskunum ásamt geðrofi. Raflækningar geta í mörgum tilvikum skilað árangri þegar lyfjameðferð hefur ekki komið nægilega vel að gagni.

Meðferðin kom fram undir lok 4. áratugar 20. aldar en margvíslegar úrbætur hafa verið gerðar frá því að henni var fyrst beitt og ævinlega er haft að leiðarljósi að óþægindi sjúklings séu sem minnst.

## Undirbúningur fyrir meðferð

Fyrir fyrstu meðferð þarf að framkvæma rannsóknir til að kanna líkamlegt ástand. Flestir þurfa að fara í blóðrannsókn og hjartalínurit. Samráð er haft við aðra sérfræðilækna ef ástæða þykir.

Svefnlyf, róandi lyf og lyf sem hemja krampa geta dregið úr árangri meðferðar. Því er í samráði við lækni notkun þessara lyfja oft takmörkuð áður en meðferð er hafin og á meðan henni stendur.

## Kvöldið fyrir meðferð

Nauðsynlegt er að fasta fyrir meðferð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Ekki má borða mat 6 klst. fyrir meðferð en óhætt er að drekka tæra drykki allt að 2 klst. fyrir meðferð. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi, mjólkurlaust te eða kaffi.

Ef sjúklingur er með þekktan háþrýsting eða hjartasjúkdóm metur læknir þörf á að taka inn hjartalýf að morgni meðferðardags. Hið sama gildir um astmalyf.

## Meðferð

Raflækningar eru framkvæmdar á Hjartagátt, neðstu hæð Landspítala við Hringbraut. Meðferðin fer fram í stuttri svæfingu. Áður en meðferð hefst fær sjúklingur svæfingarlyf og vöðvaslakandi lyf í æð og er tengdur tæki sem vaktar hjartslátt, blóðþrýsting og súrefnismettun. Eftir að lyfin eru farin að virka er meðferð gefin. Við það verða vægir krampar sem standa oftast yfir í 15-30 sekúndur. Að meðferð lokinni er sjúklingur fluttur á vöknun þar sem fylgst er með ástandi hans í u.þ.b. 30-45 mínútur.

Algenzt er að meðferð sé framkvæmd tvisvar til þrisvar í viku og að endurtaka þurfi hana í 6-12 skipti í heild til að fullnægjandi árangur náist.

### Hugsanlegir fylgikvillar

Sjúklingur getur fundið fyrir þreytu og skerðingu á áttun daginn sem meðferð hefur farið fram. Sumir geta einnig fundið fyrir ógleði, höfuðverk, þreytu og harðsperrum. Truflun á skammtímaminni hjá flesta á meðan þeir eru í meðferð en það jafnar sig venjulega á nokkrum vikum eftir að henni lýkur.